

**Fundargerð 39. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, fundurinn var haldinn 22. september kl 14.00, í fjarfundi.**

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Elísabet Gunnarsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson, Kristján G. Jóakimsson, Shiran Þórisson og Þórir Guðmundsson. Auk þeirra sat fundinn Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

Formaður kynnti að Marzelíus Sveinbjörnsson, hefði boðað forföll og ekki heldur varamaður hans Nanný Arna Guðmundsdóttir. Aðalbjörg Óskarsdóttir boðaði forföll.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir.

**Fundur stjórnar Vestfjarðastofu**

1. Skýrsla framkvæmdastjóra - Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
2. Endurskoðun samþykktar Vestfjarðastofu – upplýsingar um samráð
3. Staða áhersluverkefna Sóknaráætlunar
4. Drög að fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu - 2022
5. Orkuhópur Iðnaðarráðherra
  - staða eftir fyrsta fund - Iða Marsibil
6. Lagt fram til kynningar - VFS:
  - a. Störf án staðsetningar - skýrsla Stjórnarráðsins
  - b. Vinnu og skólasóknarsvæði - skýrsla Byggðastofnunar
  - c. Grænir iðngarðar - Skýrsla Íslandsstofu –
  - d. Brothættar byggðir – ársskýrsla
  - e. Endurskoðuð starfsáætlun stjórnar Vestfjarðastofu / FV

**Fundur stjórnar FV**

7. Endurskoðun samþykktar Fjórðungssambands Vestfirðinga - drög að breytingatillögu
8. Drög að fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga
9. Samningur vegna C9 verkefnis og tilnefning í vinnuhóp
10. Dagskrá 66. Fjórðungspings að hausti
11. Ályktanir á Fjórðungspingi
  - a. Fjármögnun (FV/Vestfjarðastofu) - framtíðarsýn
12. Lagt fram til kynningar
  - a. Greinargerð FV til jöfnunarsjóðs
  - b. Fundargerð 121. stjórnarfundar Austurbrúar 25. maí 2021 - f
  - c. Fundargerð 162. fundar SSV 9. júní 2021
  - d. Fundargerð 68. fundar stjórnar SSNV 7. september 2021
  - e. Fundargerð – 29. Fundur stjórnar SSNE 8. Sept 2021
  - f. 572. stjórnarfundur SASS. 3. sept 2021
  - g. 771. Stjórnarfundur SSS 16. sept 2021
  - h. 528. fundur stjórnar SSH 16. sept 2021
  - i. Grænbók samgönguáætlunar

13. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir
- b. Umsagnarbeiðnir
- c. Umsagnir til skoðunar

**Fundur stjórnar FV**

**1. Skýrsla framkvæmdastjóra - Sigríður Ó. Kristjánsdóttir**

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu.

*Stjórn þakkar greinargott yfirlit yfir starfsemina.*

**2. Staða áhersluverkefna Sóknaráætlunar**

- a. Díana Jóhannsdóttir fór yfir stöðu áhersluverkefna á sviði ferðaþjónustu, Vestfjarðaleiðina og Visit Westfjords.
- b. Sigríður Ó. Kristjánsdóttir fór yfir stöðu áhersluverkefnanna Sýnilegri Vestfirði, Nýsköpunar og samfélagsmiðstöðvar og Samfélagsáttmála í fiskeldi.

*Stjórn þakkar fyrir góða samantekt og góða vinnu í tengslum við samfélagsáttmála í fiskeldi og hvetur starfsmenn til að nýta meðbyr í vinnunni áfram.*

**3. Drög að fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu - 2022**

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu fyrir árið 2022 og forsendur að baki áætluninni.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram með framlögð drög að fjárhagsáætlun.*

**4. Orkuhópur Iðnaðarráðherra**

- staða eftir fyrsta fund - Iða Marsibil

*Stjórn þakkar Iðu Marsibil yfirferð og felur sviðsstjóra byggðamála og framkvæmdstjóra að vinna drög að ályktun um orkumál á Vestfjörðum, byggða á umræðu stjórnarfundar til að leggja fyrir 66. Fjórðungsþing að hausti.*

**5. Lagt fram til kynningar - VFS:**

- a. Störf án staðsetningar - skýrsla Stjórnarráðsins  
[https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sk%20um%20st%20b6rf%20a1n%20sta%20setningar%20a1g%20bast%202021\\_lokaeintak%20.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sk%20um%20st%20b6rf%20a1n%20sta%20setningar%20a1g%20bast%202021_lokaeintak%20.pdf)  
*Stjórn þakkar góða skýrslu en vill benda á að störf án staðsetningar eru enn of fá og mikilvægt er að deildir eða heilar einingar séu staðsettar víðar um landið en nú er. Mikilvægt er að settir séu upp hvatar fyrir stofnanir til að þær hafi hag af því að störf séu staðsett víðar um landið.*
- b. Vinnu og skólasóknarsvæði - skýrsla Byggðastofnunar -  
<https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/vinnu-og-skolasoknasvaedi-og-almenningsamgongur>.
- c. Grænir iðngarðar - Skýrsla Íslandsstofu -  
<https://www.islandsstofa.is/media/1/graenir-idngardar-14-sept-2021.pdf>

**Fundur stjórnar FV**

**6. Endurskoðun samþykktar Fjórðungssambands Vestfirðinga - drög að breytingartillögu**

- a. Sviðsstjóri fór yfir drög að breytingartillögu.

*Lið frestað til næsta fundar.*

**a. Drög að fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga**

b. Sviðsstjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga Stjórn felur sviðsstjóra og framkvæmdastjóra að leggja til við fjárhagsnefnd tillögu að hækkun á árstíllagi sveitarfélaga sem lögð var fyrir stjórn. Áður skal þó haft samráð við bæjar- og sveitarstjóra á reglulegum fundi.

**7. Samningur vegna C9 verkefnis og tilnefning í vinnuhóp**

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirrita framlagðan samning og tilnefnir Jóhönnu Ösp Einarsdóttur í vinnuhóp verkefnisins og Aðalstein Óskarsson til vara.*

**8. Dagskrá og ályktanir á Fjórðungspingi**

a. *Fjármögnun (FV/Vestfjarðastofu) – framtíðarsýn – sviðsstjóra og framkvæmdastjóra falið að vinna ályktun varðand fjármögnun byggt á umræðu um fjárhagsáætlun*

b. *Ályktun um orkumál (sbr bókun undir lið 4.)*

c. *Drög að dagskrá og fyrirkomulagi Fjórðungspings samþykkt og sviðsstjóra og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram með upplegg sem lagt var fram.*

**9. Úthlutun Uppbyggingarsjóðs**

Lagt fram minnisblað Menningarfulltrúa varðandi úthlutun Uppbyggingarsjóðs, áherslur og skiptingu fjármagns.

*Áherslur úthlutunar samþykktar og dagskrá úthlutunar. Ákvörðun um skiptingu fjármagns frestað til fundar stjórnar í október.*

**10. Lagt fram til kynningar**

- a. Fundargerð 121. stjórnarfundar Austurbrúar 25. maí 2021 - [https://austurbru.is/wp-content/uploads/2021/09/1\\_Fundargerð\\_Austurbru-1.pdf](https://austurbru.is/wp-content/uploads/2021/09/1_Fundargerð_Austurbru-1.pdf)
- b. Fundargerð 162. fundar SSV 9. júní 2021- <https://ssv.is/wp-content/uploads/2021/07/162-fundur-stjornar-SSV-fundargerð.pdf>
- c. Fundargerð 68. fundar stjórnar SSNV 7. september 2021 <https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-68-fundar-stjornar-ssnv-7-september-2021>
- d. Fundargerð – 29. Fundur stjórnar SSNE 8. Sept 2021 – <https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerð-stjorn-ssne-29-fundur-8-september-2021>
- e. 572. stjórnarfundur SASS. 3. sept 2021 - <https://www.sass.is/572-fundur-stjornar-sass-2-2-2-2/>
- f. 771. Stjórnarfundur SSS 16. sept 2021 - <https://sss.is/blog/fundir/771-stjornarfundur-sss-16-september-2021/>
- g. 528. fundur stjórnar SSH 16. sept 2021- <https://sss.is/blog/fundir/771-stjornarfundur-sss-16-september-2021/>

**11. Umsagnir:**

- a. Afgreiddar umsagnir
- b. Umsagnarbeiðnir
- c. Umsagnir til skoðunar